

# FRÉTTABRÉF HÖRGÁRSVEITAR

2. desember 2025 | 16. árgangur 17. tölublað



## FRÉTTIR OG TILKYNNINGAR

### Sundlaugin á Pelamörk

VETRAROPNUN

|                         |               |
|-------------------------|---------------|
| MÁNUDAGA TIL FIMMTUDAGA | 16:00 - 22:30 |
| FÖSTUDAGA               | LOKAÐ         |
| LAUGARDAGA              | 11:00 - 18:00 |
| SUNNUDAGA               | 11:00 - 22:30 |



### Viðhald ljósastaura

Tilkynna þarf um ónýtar perur og aðra viðhaldspörf á ljósastaurum heimreiða fyrir 10. desember 2025, ef úrbætur á að gera núna. Næsta viðhaldsferð verður síðan í mars 2026.

Tilkynningar um viðhaldspörf þurfa að berast skrifstofu Hörgársveitar, í síma 460 1750 eða á [horgarsveit@horgarsveit.is](mailto:horgarsveit@horgarsveit.is).

### Íþróttaskóli Smárans í íþróttahúsinu á Pelamörk

Sunnudaginn 7. desember kl. 10:00-11:00, öll börn velkomin.



### Næsti fundur sveitarstjórnar

Fimmtudaginn 11. desember klukkan 16:00.

# Útdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Föstudaginn 28. nóvember 2025 kl. 09:30 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Þelamerkurskóla.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, Sunna María Jónasdóttir og Jónas Þór Jónasson.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

## 1. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 27.11.2025

Fundargerðin er í 5 liðum og þarfnast 4 liðir afgreiðslu sveitarstjórnar.

### a) Í lið 1, Aðalskipulag Hörgársveitar – endurskoðun (H2305001)

Skipulagshöfundur Aðalskipulags Óskar Örn Gunnarsson mætti á fund skipulags- og umhverfisnefndar og fór yfir stöðuna á endurskoðun á Aðalskipulagi Hörgársveitar. Lögð fram vinnslutillaga að endurskoðun á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2024-2044. Einnig lögð fram skýrsla frá Verkís um efnistökusvæði í Hörgársveit.

*Sveitarstjórn samþykkti að vinnslutillagan verði kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Haldið verði opið hús í janúar 2026 til kynningar á vinnslutillögunni.*

### b) Í lið 2, Glæsibær – næstu áfangar IV-VII (H2511044)

Lagt fram erindi frá GLB17 ehf. þar sem óskað er eftir að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi vegna Glæsibæjar. Breytingin verði unnin í samræmi við meðfylgjandi kynningargögn. Jafnframt er óskað eftir heimild til að vinna að gerð deiliskipulags fyrir áfanga fjögur samhliða vinnu við aðalskipulagsbreytinguna. *Sveitarstjórn samþykkti að vísa erindinu til frekari skoðunar m.a. með tilliti til þess að mögulega verði byggðakjarninn formlegt þéttbýli. Í því samhengi verði skoðuð réttindi og skyldur sem því fylgja, sem og lausnir varðandi samgöngur, veitur ofl.*

### c) Í lið 3, Garðshorn Kræklingahlíð – umsókn um byggingarheimild (H2511041)

Lagt fram erindi frá landeiganda þar sem óskað er eftir að reisa viðbyggingu við íbúðarhúsið. Með erindinu fylgja teikningar frá HSÁ Teiknistofu.

*Sveitarstjórn samþykkti að erindið verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mg. 44 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Heimilt verði að stytta grenndarkynningartímabil ef hagsmunaaðilar lýsa því yfir skriflega að ekki sé gerð athugasemd við áformin. Erindið teljist samþykkt ef ekki berast andmæli á grenndarkynningartímabilinu.*

### d) Í lið 4, Hraun í Öxnadal L152440 – nýtt deiliskipulag (H2410010)

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Hraun í Öxnadal, unnin af Landslagi ehf. Tillagan tekur til uppbyggingar gestastofu í núverandi útihúsum, endurbóta á aðkomu, bílastæðum, gönguleiðum og varðveislu fornleifa á svæðinu.

*Sveitarstjórn samþykkti að deiliskipulagstillaga á vinnslustigi verði kynnt skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

## 2. Fundargerð atvinnu- og menningarnefndar frá 18.11.2025

Fundargerðin er í 6 liðum og þarfnast 2 liðir afgreiðslu sveitarstjórnar.

### a) Í lið 2, erindi frá foreldrafélagi Þelamerkurskóla

Foreldrafélag Þelamerkurskóla sækir um styrk að upphæð allt að 400.000 kr. til að bjóða nemendum í ÞMS á menningartengda viðburði skólaárið 2025-26.

*Sveitarstjórn samþykkti að veittur verði styrkur kr. 400.000 til að fara með nemendur skólans á menningarviðburði.*

## **b) Í lið 5, starfsemi Drangans, félagsmiðstöðin í Hörgársveit**

Opnanir eru einu sinni í viku fyrir börn á unglingastigi á fimmtudögum klukkan 20-22. Miðstigsopnanir eru tvisvar í mánuði fyrsta og þriðja þriðjudag klukkan 16:15-18:00. Farið var að stað með prufuverkefni að hafa opnanir einu sinni í mánuði fyrir ungmenni á aldrinum 16-18 ára og hefur lukkast vel og aðsóknin góð, ungmennin óska eftir að halda áfram með opnun fyrir þau á nýju ári einu sinni í mánuði. *Sveitarstjórn samþykkt að haldið verði áfram með opnanir fyrir 16-18 ára til prufu fram á vor.*

## **3. Fundargerð fræðslunefndar frá 24.11.2025**

Fundargerðin lögð fram en hún er í 11 liðum.

## **4. Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar frá 25.11.2025**

Fundargerðin er í 3 liðum og þarfnast 1 liður afgreiðslu sveitarstjórnar.

### **a) Í lið 3, Fjölskylduþjónusta Norðurlands eystra, þátttaka í verkefninu**

Lagt fram erindi um verkefnið og þátttöku í kostnaði vegna þess.

*Sveitarstjórn samþykkti að Hörgársveit taki þátt í verkefninu og taki þátt í kostnaði vegna þess í samræmi við íbúafjölda sveitarfélagsins.*

## **5. Fundargerð ungmennaráðs frá 10.11.2025**

Fundargerðin er í 3 liðum og þarfnast 1 liður afgreiðslu sveitarstjórnar.

### **a) Í lið 3, reglur ungmennaráðs Hörgársveitar**

Breytingar á reglum ráðsins.

*Sveitarstjórn samþykkti að reglur um ungmennaráð verði endurskoðaðar og lagðar fyrir sveitarstjórn.*

## **6. Fundargerðir afgreiðslufunda SBE frá 101 og 102. fundi**

Fundargerðin lögð fram.

## **7. Fundargerð stjórnar SSNE frá 77. fundi og þinggerð haustþings**

Fundargerðin og þinggerðin lagðar fram.

## **8. Fundargerðir stjórnar Samb. ísl. sveitarfélaga frá 987. og 988. fundi**

Fundargerðirnar lagðar fram.

## **9. Fundargerðir stjórnar Norðurorku frá 315. og 316. fundi**

Fundargerðirnar lagðar fram.

## **10. Fundargerð skólanefndar TE frá 20.11.2025**

Fundargerðin lögð fram ásamt ársskýrslu og kostnaðaráætlun.

## **11. Breytingar á samþykktum um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar, síðari umræða**

*Sveitarstjórn samþykkti þær breytingar óbreyttar við síðari umræðu, sem samþykktar voru við fyrri umræðu í sveitarstjórn 7.11.2025.*

## **12. Bjarmahlíð, ósk um styrk**

Erindið lagt fram ásamt tölvubréfi frá Eyjafjarðarsveit er varðar erindið.

*Sveitarstjórn samþykkti að veita styrk kr. 400.000,- vegna ársins 2026.*

### **3. Ás Hjalteyri - erindi er varðar lóðarmörk og göngustíg**

#### **Erindið lagt fram ásamt fylgigögnum.**

*Sveitarstjórn samþykkti að fela sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa að ræða við bréfitara og vinna að lausn málsins.*

### **14. Birkihlíð 3 - erindi er varðar lóðarmál og framkvæmdir**

Erindið lagt fram og ákveðið að kannað verði hvað sveitarfélagið geti gert til að bæta þá stöðu sem rætt er um í erindinu.

### **15. Kristnesspítali, staða mála**

Lagt fram afrit af bréfi frá sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar til Heilbrigðisráðuneytis dags.20.11.2025.

*Sveitarstjórn Hörgársveitar tekur undir áhyggjur sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar og bendir á að á Kristnesi er unnið gífurlega mikilvægt starf sem ekki er í boði annars staðar á Norður- og Austurlandi*

### **16. Þjóðlendumál, stærðarbreytingar**

Lagðar fram yfirlýsingar Forsætisráðuneytisins dags. 30.9.2025 um stærðarbreytingar þjóðlendnanna Almennungur, land nr. 223269 og Vaskárdalur, land nr. 223198, en þjóðlendir þessar stækkuðu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 1-5/2023, birtum í Lögbirtingarblaði 21.10.2024. Svæðið í Vaskárdal er eftir úrskurðinn afréttareign Hörgársveitar, fyrrum Hörgárbyggðar og Einars Steindórs Valbergssonar, en svæðið í Almennungi er afréttareign Hörgársveitar, fyrrum Hörgárbyggðar.

*Sveitarstjórn samþykkti að fela sveitarstjóra að árita skjölin af hálfu sveitarfélagsins og endursenda ráðuneytinu.*

### **17. Gjaldskrár, tillögur vegna ársins 2026**

#### **a) Rætt um álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2026.**

*Sveitarstjórn samþykkti að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2026 verði óbreytt 14,97%.*

#### **b) Rætt um álagningarreglur fasteignagjalda fyrir árið 2026 og afsláttarreglur fasteignaskatts vegna elli- og örorkulífeyrisþega.**

*Sveitarstjórn samþykkti að álagningarhlutfall fasteignaskatts fyrir árið 2026 skv. a-lið lækki úr 0,40% í 0,36%, skv. b-lið 1,32% og skv. c-lið 1,40% af fasteignamati.*

*Þá samþykkti sveitarstjórn að 2. gr. gjaldskrár fráveitna í Hörgársveit verði þannig að holræsagjald fráveitu á Hjalteyri og á skipulögðum atvinnusvæðum verði 0,18% af fasteignamati og enn fremur að vatnsgjald Vatnsveitu Hjalteyrar verði kr. 16.208,- á hverja íbúð og hvert frístundahús. Rotþróargjöld verði eftir stærðum rotþróa.*

*Fráveitugjald og vatnsgjald í Lónsbakkahverfi verði samkvæmt gjaldskrá Norðurorku.*

*Sorphirðugjald heimila verði kr. 74.360,- sorphirðugjald frístundahúsa verði kr. 23.244,- enda sé þjónusta þar ekki veitt á vetrum, sorphirðugjald vegna búrekstrar verði 151,- kr. fyrir hverja sauðkind, 811,- kr. fyrir hvern nautgrip, 582,- kr. fyrir hvert hross og 801,- kr. fyrir hvert svín.*

*Reglum um afslátt tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti verði breytt á þann hátt að þær geri ráð fyrir að tekjumörk afsláttar breytist í samræmi við breytingu á launavísitölu milli viðmiðunarára.*

**c) Rætt um aðrar gjaldskrár fyrir árið 2026 og samþykkt að önnur gjöld hækki að jafnaði um 4% milli áranna 2025 og 2026 nema að gjöld vegna barna í leik- og grunnskóla hækki að jafnaði um 3,2%.**

*Sveitarstjórn samþykkti að frá 1. janúar 2026 kosti hver klst. frá kl. 08:00-16:00 í vistun í Álfasteini 4.876,- kr. á mánuði og hver klst. fyrir kl. 08:00 og eftir kl. 16:00 kosti kr. 8.751,- . Fullt fæði í leikskóla kosti 10.727,- kr. á mánuði. Afsláttarreglur í leikskóla verði óbreyttar frá árinu 2025.*

*Skólamáltíðir nemenda í þelamerkurskóla á skólatíma verði fríar en mötuneytisgjald annarra en nemenda verði 900,- kr. á dag. Vistunargjald í Frístund verði kr. 700 á dag og síðdegishressing í Frístund kr. 165 á dag. Vistunargjald í Frístund á lokunardögum verði kr. 2.580,- og fæðisgjald á lokunardögum verði kr. 1.175,- Aðrar gjaldskrár fyrir útleigu á húsnæði og húsbúnaði í þelamerkurskóla hækki í samræmi við áætlaðar hækkanir í fjárhagsáætlun 2026 sem eru um 4,0% milli áranna 2025 og 2026.*

*Sveitarstjórn samþykkti að á árinu 2026 verði stakt gjald fyrir fullorðinn í sund kr. 1.300,- og kr. 320,- fyrir börn. Aðrar hækkanir á gjaldskrá íþróttamiðstöðvar verði að jafnaði um 4,0% milli áranna 2025 og 2026.*

*Sveitarstjórn samþykkti að á árinu 2026 eigi íbúar sveitarfélagsins og fastráðnir starfsmenn sveitarfélagsins kost á lýðheilsustyrk í formi árskorts í sund í Jónasarlaug án greiðslu.*

*Þá samþykkti sveitarstjórn að styrkur til niðurgreiðslu þátttökugjalda barna frá fimm ára aldursári til og með sautjándra aldursárs í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi verði kr. 54.000,- fyrir árið 2026.*

*Hækkanir á gjaldskrá fyrir akstursþjónustu verði að jafnaði um 4,0% milli áranna 2025 og 2026.*

## **18. Fjárhagsáætlun 2026**

Yfirferð milli umræðna og lagt fram erindi er varðar íþróttamiðstöðu fyrir börn í Lónsbakkahverfi.

## **19. Trúnaðarmál**

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 12:30